

Nd. 234. Frumvarp til laga [105. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Grísatungu í Stafholtstungnahreppi í Mýrasýslu.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Friðjón Þórðarson, Benedikt Gröndal, Jónas Árnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Stafholtstungnahreppi eyðijörðina Grísatungu í sama hreppi. Verð jarðarinnar fer eftir því, sem um semst. Náist ekki samkomulag um kaupverðið, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni hreppsnefndar Stafholtstungnahrepps í Mýrasýslu. Stafholtstungnahreppur hefur haft eyðijörð þessa á leigu undanfarna áratugi, en vegna væntanlegra framkvæmda, sem gert er ráð fyrir að verði nokkuð kostnaðarsamar og Stafholtstungnahreppur verður að taka þátt í, telur hreppsnefndin eðlilegt, að hreppurinn verði áður orðinn eigandi að jörðinni. Af þeirri ástæðu er beiðni hreppsnefndarinnar fram komin.